

Fundargerð

15. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum.

21. nóvember 2022 klukkan 10:30 í Molanum, fundarsal Austurbrúar á Reyðarfirði.

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Ásta Þorleifsdóttir (ÁP), Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ), Freydís Vigfúsdóttir (FV), Gauti Jóhannesson (GJ), Hreinn Hrafnkelsson (HH), Jón Björn Hákonarson (JBH) og Elfa Hlín Pétursdóttir (EHP). Einnig sat fundinn Hjalti Jón Guðmundson, varamaður FV.

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ), Hrafnkell Á. Proppé (HÁP) og Guðrún Jensdóttir (GJd), sem ritaði fundargerð.

Greipur Gísli Sigurðsson og Sigurður Sigurðarson sérfræðingar hjá Vegagerðinni og Halldór Ó. Zoëga sérfræðingur hjá Samgöngustofu sátu fundinn í upphafi undir 1. lið

MJ setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá fundar:

1. Kynning á vinnu starfshóps um öryggi siglinga.

Í kjölfar viðbótarumsagna Vegagerðar og Samgöngustofu dags. 4. nóvember 2022 setti innviðaráðherra á starfshóp um öryggi siglinga. Starfshópurinn er undir stjórn forstjóra Skipulagsstofnunar og að auki skipaður sérfræðingum frá Vegagerðinni og Samgöngustofu. Starfshópnum er ætlað það verk að bregðast við þeim atriðum sem dregin voru fram í viðbótarumsögnum Samgöngustofu og Vegagerðarinnar og varða áhrif einstaka reiti fyrir staðbundna nýtingu á öryggi siglinga. Starfshópurinn mun ýmist setja fram ábendingar um breyttar útfærslu í auglýstri tillögu strandsvæðisskipulags eða koma með tillögur um viðunandi mótvægisáðgerðir til að tryggja öryggi siglinga.

Fulltrúar Vegagerðarinnar og Samgöngustofu sögðu frá vinnu hópsins. Farið var yfir þá reiti sem starfshópurinn er að skoða og þau atriði sem hópurinn telur að breyta þurfi áður en svæðisráð samþykkir endanlega tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða. Greipur, Sigurður og Halldór greindu þeir frá þeim mótvægisáðgerðum sem eru til skoðunar og snerta breytingar á siglingarmerkjum.

Nokkrar umræður voru um þær tillögur sem starfshópurinn er að móta. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili endanlegum tillögum um miðja þessa viku. Svæðisráð mun í framhaldinu taka þær til umfjöllunar sérstaklega.

Greipur, Sigurður og Halldór yfirgáfu fundinn.

2. Tillögur Skipulagsstofnunar um viðbrögð við framkomnum athugasemdum.

Fyrir fundinum lágu tillögur Skipulagsstofnunar um viðbrögð við innkomnum athugasemdum. Athugasemdir hafa verið flokkaðar eftir efnisatriðum. Farið var yfir hvert og eitt atriði, þær rædd efnislega og í sumum tilvikum settar fram ábendingar um inntak og orðalag.

Undir efnisflokknum siglingar kom fram að þær tillögur sem nú liggja fyrir kunni að breytast þegar starfshópur um öryggi siglinga hefur skilað af sér. Fulltrúi matvælaráðuneytisins (FV) lagði fram eftir farandi bókun þegar kom að umfjöllun um siglingar:

„Allt er varðar siglingar og það sem við kemur vinnu starfhópsins (Vegagerðar og Samgöngustofu) tökum við ekki efnislega afstöðu til í ljósi þess að okkur hafa ekki borist gögn máls til að rýna og kynna fyrir ráðherra.“

Einnig óskaði fulltrúi matvælaráðuneytisins (FV) að koma á framfæri eftirfarandi ábendingu varðandi verklag:

„Í vinnu svæðisráðs hefur tímalínan verið þannig að gögn hafa verið að berast fulltrúum seint fyrir fundi sem gerir erfitt um vik að fara yfir efnið, kynna ráðherra og taka afstöðu. Við þetta gerir matvælaráðuneytið athugasemd.“

Fulltrúi Fjarðabyggðar (JBH) lagði fram eftirfarandi bókun þegar kom að umfjöllun um staðbundna nýtingu, þ.e. vegna tillögu um niðurfellingu á reit SN4 í strandsvæðisskipulagi Austfjarða:

„Fjarðabyggð hafnar því með öllu að reiturinn SN4 sé felldur úr skipulagi þrátt fyrir að burðarþolsmat hafi ekki verið gefið út vegna hans.“

Fulltrúi Matvælaráðuneytisins (FV) lagði fram eftirfarandi bókun um sama efnisatriði:

„Í ljósi þess að burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar hefur ekki verið formlega gefið út þá samþykjum við þá tillögu um að taka út eldssvæðið í Mjóafirði SN4, líkt og ritað er í tillögum Skipulagsstofnunar að viðbrögðum við umsögnum um strandsvæðaskipulagið.“

Fulltrúi Fjarðabyggðar (JBH) lagði fram eftirfarandi bókun í kjölfarið:

„Þessi afstaða sem Matvælaráðuneytið leggur til gengur þvert gegn afstöðu sveitarfélagsins Fjarðabyggðar, sem og íbúa í Mjóafirði, sem hafa kallað eftir því ítrekað síðustu ár að eldisleyfi í Mjóafirði fari í útboð eins og lög þar um gera ráð fyrir.“

Með hliðsjón að umræðum um einstaka athugasemdir mun Skipulagsstofnun móta tillögur að viðbrögðum svæðisráðs við innkomnum athugasemdum. Þær tillögur verða til afgreiðslu á fundi svæðisráðs þann 7. desember og verða sendar til fulltrúa svæðisráðs viku fyrir þann fund.

3. Samantekt á tillögum á breytingum sem innkomnar athugasemdir leiða til.

Skipulagsstofnun hefur tekið saman öll þau tilvik sem viðbrögð við innkomnum athugasemd kunna að leiða til breytinga á auglýstri tillögu. Svæðisráð mun hafa þá samantekt til hliðsjónar þegar kemur að afgreiðslu á endanlegri tillögu 7. desember nk.

4. Önnur mál

Formaður svæðisráðs lagði til að haldinn yrði aukafundur á Teams mánudaginn 28. nóvember. Á þeim fundi verður farið yfir fyrirbyggjandi tillögur starfshóps innviðaráðherra um öryggi siglinga og hvaða áhrif það kann að hafa á viðbrögð við innsendum athugasemdum varðandi siglingar. Tillagan var samþykkt og mun Skipulagsstofnun boða fundinn.

Auk þess var lagt til að síðasti fundur svæðisráðs yrði haldinn í Reykjavík 6. desember 2022.

Ákveðið var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fleira var ekki gert, fundi var slitið klukkan 16:30